

Til nefndar um mótun stefnu um raflínur í jörð
Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli
150 Reykjavík

18. maí 2012.

Ég Inga Sigrún Atladóttir forseti bæjarstjórnar í Sveitarfélaginu Vogum kom á fund nefndarinnar ásamt öðrum bæjarfulltrúum. Á fundinum lýstu bæjarfulltrúar ánægju sinni með að Alþingi hyggist móta stefnu um lagningu raflína í jörð og á fundinum kom fram von okkar allra að með því muni deilum við Landsnet um lagningu jarðstrengs í gegnum skipulagssvæði sveitarfélagsins ljúka. Á þessu stigi málsins vil ég koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Framtíðarstefnumörkun Alþingis snýst ekki aðeins um umhverfisáhrif og kostnað. Hún snýst líka um lýðræði, lýðræðishalla og þá ósamkvæmni í upplýsingum sem alltaf er til staðar þegar sveitarstjórnarmenn og landeigendur eiga í viðræðum við Landsnet. Sveitarstjórnarmenn hafa þá skyldu að kynna sér að fullu þau málefni sem þeir eiga að taka ákvörðun um. Þegar er um að ræða flutningskerfi raforku er nær ómögulegt fyrir sveitarstjórnarmenn að afla sér óhlutdrægra upplýsinga um kostnað og mögulega/fáanlega tækni.

Í Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 er gert ráð fyrir að Suðurnesjalína fari í jarðstreng í gegnum land Sveitarfélagsins, í umhverfisskýrslu með aðalskipulaginu kemur fram að háspennulínu í jörð hafa óveruleg áhrif á umhverfisþætti á meðan háspennulína í lofti er talin hafa veruleg áhrif á náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði. Þegar skipulagið var auglýst bárust engar athugasemdir frá Landsneti um að gert væri ráð fyrir jarðstrengi í gegnum land sveitarfélagsins. Sú stefna var mörkuð í aðalskipulagi Voga 2008-2028 að allar nýjar raflínur í landi sveitarfélagsins færu í jörð.

Sveitarstjórnarmenn í Vogum unnu eftir pólitískri stefnu sveitarfélagsins, aðalskipulagi og mati á umhverfisáhrifum þegar þeir samþykktu að Suðurnesjalína færi í jörð í sveitarfélaginu. Ákvörðun sveitarfélagsins var tekin af meirihluta rétt kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og óumdeilt er að sveitarfélög hafa lögformlega heimild til slíkra ákvarðanna.

Að mínu mati er mikilvægt að hugað sé vandlega að því ofurvaldi sem Landsnet getur beitt í krafti sérþekkingar og einokunar. Þannig verður stefnumótunin nefndarinnar helst að skýra hvernig æskilegt er að samskipti ríkisfyrirtækisins Landsnet á að vera við sveitarstjórnir og landeigendur þannig að upplýsingaskyldu, meðalhófs og jafnræðis sé gætt. Það er afar, afar mikilvægt.

með fyrirfram þökk

Inga Sigrún Atladóttir